



Hafnarfjörður

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þann 24. júní 2026 var eftirfarandi fyrirspurn lögð fram:

2208505 - Umhverfis- og framkvæmdaráð, tillögur og fyrirspurnir kjörinna fulltrúa

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Framsóknar:

Nýlega skapaðist umræða á Facebook-síðunni Norðurbærinn minn um leiksvæði við Víðivang 1-5, einkum rólur sem þar eru staðsettar. Leiksvæðið liggur að hluta til inn á lóð Hafnarfjarðarbæjar.

Í ljósi umræðunnar vakna eftirfarandi spurningar:

Voru umrædd leiktæki sett upp á kostnað Hafnarfjarðarbæjar eða íbúa við Víðivang 1?5?

Var uppsetning leiktækjanna gerð með eða án samþykkis Hafnarfjarðarbæjar?

Eru til gögn í kerfum bæjarins sem varpa ljósi á stöðu þessara leiktækja og hver ber ábyrgð á þeim? Jafnframt kalla þessar aðstæður á viðtækari skoðun:

Eru til heildstæð gögn um almenningssvæði innan bæjarlandsins sem eru á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar?

Hver er staða viðhalds á slíkum svæðum?

Hefur verið kortlagt hvaða svæði, sérstaklega jaðarsvæði, græn svæði eða opnar lóðir, hafa verið notuð af íbúum, með eða án formlegs leyfis bæjarins?

Það er mikilvægt að skýrt sé hver ber ábyrgð þegar búnaður á borð við leiktæki, bekki eða annað er sett upp á svæðum sem tengjast bæjarlandi. Þó að uppsetning slíkra mannvirkja geti verið gerð í góðum hug af hálfu íbúa, getur skapast óvissa um ábyrgð, viðhald og öryggi þegar frá líður, sérstaklega ef ekkert skipulagt eftirlit eða viðhald er fyrir hendi.

Hjá lögð eru svör:

Búið er að svara húsfélaginu varðandi leikvöllinn að þau verða sjálf að bregðast við ástandi vallarins.

Voru umrædd leiktæki sett upp á kostnað Hafnarfjarðarbæjar eða íbúa við Víðivang 1-5? Ekki hafa fundist nein gögn sem benda til þess að bærinn hafi komið að uppsetningu enda eru þau greinilega hluti af lóðarfrágangi og innan girðingar sem lóðarhafi hefur sett upp.


Var uppsetning leiktækjanna gerð með eða án samþykkis Hafnarfjarðarbæjar? Ekki hafa fundist nein gögn sem benda til þess að bærinn hafi komið að uppsetningu.

Eru til gögn í kerfum bæjarins sem varpa ljósi á stöðu þessara leiktækja og hver ber ábyrgð á þeim? Ekkert hefur fundist um það en þau hafa aldrei verið á okkar verkefnalistum né úttektum.



Hafnarfjörður

Leiksvæðið er að hluta á bæjarlandi




Lóðarhafi hefur girt lóðina af





Hafnarfjörður

Leiksvæði skv byggingarnefndarteikningum



Eru til heildstæð gögn um almenningssvæði innan bæjarlandsins sem eru á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar? Já hægt er að nálgast staðsetningar í gegnum kortasjá bæjarins.

Hver er staða viðhalds á slíkum svæðum? Svæðin eru í reglubundnu eftirliti og viðhaldi en jafnframt eru framkvæmdar lögbundnar öryggisúttektir af óháðum aðila.

Hefur verið kortlagt hvaða svæði, sérstaklega jaðarsvæði, græn svæði eða opnar lóðir, hafa verið notuð af íbúum, með eða án formlegs leyfis bæjarins? Til er í málaskrá sveitarfélagsins erindi þar sem samþykkt hafa verið Lönd í fóstur. Ekki hefur verið kortlagt sérstaklega hvar íbúar eru að nýta lönd utan lóðar án samþykkis bæjarins.